STJÓRNARTÍÐINDI B 38 — 1974

30. október 1974. 705 Nr. 318.

REGLUGERÐ

um niðurgreiðslu verðs á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa.

1. gr.

Olíusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa og skulu tekjur sjóðsins vera af sérstöku útflutningsgjaldi, sem hér segir:

a) 4% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en saltfisks, skreiðar og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum.
b) 5.5% útflutningsgjald af f.o.b.-verði útflutnings saltfisks og skreiðar.

2. gr.

Útflutningsgjaldið skv. 1. gr. skal reiknað og innheimt á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru samkvæmt lögum nr. 19 16. apríl 1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Útflytjendur mega þó greiða 80% af gjaldinu þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og séu tollyfirvaldi greidd 20% af gjaldinu ásamt afhendingu ávísunar á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

Tekjum af þessu sérstaka útflutningsgjaldi skal haldið aðskildum frá tekjum af öðrum útflutningsgjöldum. Skulu tollyfirvöld og bankar, sem annast gjaldeyrisskil, senda greiðslur jafnóðum til Seðlabanka Íslands, er leggur þær í hinn sérstaka olíusjóð.

3. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast stjórn og gæslu olíusjóðsins og sjá um niðurgreiðslu til fiskiskipa á þann hátt, sem hér segir:

a) Til fiskiskipa, sem taka brennsluolíu og landa afla sínum hérlendis.

Miðað við ákvörðun verðlagsnefndar um útsöluverð á brennsluolíu kr. 14.30 pr. líter af gasolíu og kr. 10 060.00 pr. smálest af fuelolíu (950 sec.), skulu olíufélögin selja brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa á eftirfarandi verði:

Gasolía á kr. 5.80 pr. líter.
Fuelolía á kr. 3 330.00 pr. smálest.

Olíufélögin fá síðan greidda úr Olíusjóði fiskiskipa hjá Seðlabanka Íslands, fjárhæð jafnháa mismuninum á ofangreindu verði til fiskiskipa og útsöluverði söludags eins og það er ákveðið af verðlagsnefnd, samanber þó næstu málsgrein, enda hafi olíufélögin látið sjóðnum í té afrit af kvittuðum sölunótum, þar sem greint sé frá nafni og númeri skips, söludegi, sölustað, magni og tegund olíu.

Hækki útsöluverð á brennsluolíu, eins og það er ákveðið af verðlagsnefnd frá því sem að framan er greint, breytist ofangreint söluverð olíufélaganna til íslenskra fiskiskipa að sama skapi, nema annað sé ákveðið.

Miðað skal við að uppgjör til olíufélaganna fari fram mánaðarlega.

B 89

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

b) Til fiskiskipa, sem taka brennsluolíu erlendis vegna veiða á fjarlægum miðum eða söluferða á erlenda markaði.

Útgerðir nefndra skipa geta mánaðarlega, í fyrsta sinn eftir 1. nóvember n. k., afhent Olíusjóði kvittaða reikninga vegna kaupa á brennsluolíu erlendis eftir 1. september s. l., þar sem greint sé frá nafni og númeri skips, söludegi, sölustað, magni, tegund og einingarverði.

Að lokinni athugun á framlögðum reikningum endurgreiðir sjóðurinn útgerðum skipanna mismun á kaupverði olíunnar og söluverði innlendra olíufélaga til íslenskra fiskiskipa, eins og það er þann dag sem olían er keypt, þó aldrei hærri upphæð en nemur niðurgreiðslu til innlendu olíufélaganna.

4. gr.

„Fiskiskip" merkir í reglugerð þessari sérhvert það skip (eða bát) sem gert er út til fiskveiða í atvinnuskyni og skráð er (nafn og umdæmisnúmer) hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

5. gr.

Olíufélögin skulu láta Seðlabankanum í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til eftirlits með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt.

6. gr.

Heimilt er að takmarka niðurgreiðslu á brennsluolíu til þeirra fiskiskipa, er sigla á erlendan markað, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins.

7. gr.

Skipstjórum eða útgerðarmönnum íslenskra fiskiskipa, sem fá keypta brennsluolíu á niðurgreiddu verði samkvæmt 3. gr. er skylt að halda til haga afritum af sölunótum og láta þau af hendi við Seðabankann verði þess krafist. Seðlabankinn skal velja af handahófi einstök fiskiskip til athugunar á því, hvort olíukaup þeirra eru með eðlilegum hætti samkvæmt reglugerðinni.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum regugerðar þessarar varða missi niðurgreiðsluréttinda eftir ákvörðun ráðuneytisins, auk viðurlaga samkvæmt almennum hegningarlögum, eftir því sem við á. Hver sá maður, sem veitir liðsinni sitt til slíkra brota, skal einnig sæta viðurlögum almennra hegningarlaga.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 87 20. september 1974 um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. október 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.